



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu frá ungmennaráði Grafarvogs um fjármálalæsi

Á fundi í borgarstjórar og Reykjavíkurráðs ungmenna sem haldinn var 12. maí 2020 var lögð fram svohljóðandi tillaga frá ungmennaráði Grafarvogs og vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að hefja vinnu við innleiðingu skyldunáms í fjármálalæsi í samstarfi við grunnskóla borgarinnar. Miða skal við að kennsla hefjist í öllum grunnskólum eigi síðar en á haustmisseri 2021.

Greinargerð fylgdi.

Í gildandi aðalnámskrá grunnskóla frá 2013 er fjármálalæsi ekki talið sérstakt námssvið eða námsgrein. En fjallað er um fjármálalæsi samhliða umfjöllun um sjálfbærni og þess getið að neytendafræðsla og fjármálalæsi séu mikilvægar forsendur þess að geta metið þarfir okkar í nútíð og framtíð. Fjármálalæsi er talið upp sem hluti af hæfniviðmiðum fyrir heimilisfræði og í samfélagsgreinum. Í hæfniviðmiðum fyrir vinnubrögð og beitingu stærðfræði er nefnt mikilvægi þess að nemendur geti tekist á við verkefni úr umhverfi sínu eða samfélaginu, m.a. í tengslum við ábyrgð á eigin fjármálum, neyslu og þróun samfélagsins.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í skóla- og frístundaráði lögðu fram fyrirspurn um stöðu kennslu í fjármálalæsi í grunnskólum borgarinnar í febrúar 2020. Í fyrirspurninni var óskað upplýsinga um hvort grunnskólar borgarinnar væru að uppfylla viðmið aðalnámskrár varðandi kennslu í fjármálalæsi, hvernig kennslu í fjármálalæsi væri háttað og hvaða námsefni væri aðallega stuðst við.

Til að svara fyrirspurninni var könnun lögð fyrir skólastjóra grunnskólanna í apríl/maí 2020. Í svörum skólastjóranna kom fram að í sex skólum væri fjármálalæsi kennd sem sérstök námsgrein en í öðrum skólum sem hluti af stærðfræði eða samfélagsgreinum/lífsleikni.

Tæplega helmingur skólastjóranna nefndu að stuðst væri við námsefni frá Fjármálaviti (<https://fjarmalavit.is/>), þ.e. *Fyrstu skref í fjármálum* eftir Gunnar Baldvinsson, en einnig var nefnt efni frá Menntamálastofnun, bækur og ýmislegt efni af netinu, annað námsefni í stærðfræði og verkefni sem kennarar útbúa fyrir nemendur.

Skólastjórum var jafnframt boðið að koma á framfæri athugasemdum um nám og kennslu í fjármálalæsi en í þeim kom fram að skólastjórar töldu nám í fjármálalæsi mikilvægt, það gagnist nemendum vel og vekti áhuga þeirra. Það sjónarmið kom fram að ekki væri nauðsynlegt að kenna fjármálalæsi sem sérstaka námsgrein í skólanum því kennarar væru þegar að vinna með það í tengslum við stærðfræði og aðrar greinar.

Að auki má benda á að grunnskólaskrifstofa skóla- og frístundasviðs hefur verið í góðu samstarfi við félagið Fjármálalæsi um fræðslu fyrir kennara um fjármálalæsi og boðið hefur verið upp á námskeið um efnið á hverju ári undanfarin ár, bæði í sumarsmiðjum kennara og á starfstíma skóla. Námskeiðin hafa verið vel sótt og verið skólum og þátttakendum að kostnaðarlausu. Leiðbeinendur á námskeiðunum hafa að undanfögnu verið kennarar á unglíngastigi í grunnskóla í borginni, annars vegar höfundur námsefnisins *Fyrstu skref í fjármálum* og hins vegar kennari með viðskiptafræðimenntun auk kennsluréttinda.